

## R E G L U G E R Ó

### Um safn Ásmundar Sveinssonar.

1. gr. Safn Ásmundar Sveinssonar er eign Reykjavíkurborgar. Safnið er staðsett við Sigtún á lóð, sem áður var merkt Kirkjumýrarblettur 10. Eru þar vinnustofur og íbúð Ásmundar Sveinssonar ásamt safni af höggmyndum hans.
2. gr. Sérstök stjórn fjallar um málefni safnsins og starfar hún á sama hátt og aðrar samsvarandi fastanefndir borgarstjórnar. Stjórnina skipa 4 stjórnarmenn. Eru 3 þeirra kjörnir af borgarstjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er sérstaklega kosinn af borgarstjórn. Fjórða stjórnarmanninn tilnefna afkomendur Ásmundar Sveinssonar sameiginlega meðan hófundarréttur að verkum hans helst í þeirra eign skv. lögum um hófundarrétt, þ.e. til ársloka 2032. Garðyrkjustjóri og listráðunautur Kjarvalsstaða eiga seturétt á fundum stjórnar með málfreldi og tillögurétti svo og safnvörður þess.
3. gr. Stjórn safnsins skal hafa umsjón með daglegum rekstri þess. Hún skal gera tillögur um starfsmannahald, viðhald og annað það, sem lýtur að daglegum rekstri safnsins og umhverfi þess. Stjórnin skal taka endanlegar ákvarðanir um allt sem varðar varóveislu höggmynda, stækkun mynda og gerð afsteypa af þeim fyrir safnið. Stjórnin skal vinna að því að afla fjár til safnsins og kynna það með útgáfu korta, litskyggna og rita og með gerð afsteypa af myndum safnsins. Séu afsteypur gerðar í fjároflunarskyni af myndum safnsins skal álagning þess nema a.m.k. jafnhárrí upphæð og hófundarlaun, sem renna til rétthafa hófundarréttar til ársloka 2032. Um hófundarlaunin skal samið við rétthafa hverju sinni, en þeir einir geta heimilað stækkun einstakra mynda og gerð afsteypa meðan hófundarréttur varir.
4. gr. Frummyndir í safninu skal ætið varóveita þar, en safnstjórn skal bó heimilt að lána einstakar myndir úr safninu um takmarkaðan tíma til sýningar annars staðar og sömuleiðis ef unnið er að stækkun þeirra eða gerð afsteypa.

5. gr. Stjórnin skal setja sér ákveðinn fundartíma og halda gerðarbók.  
Skal senda afrit fundargerða til borgarráðs.

x Reglugerð bessi er sett í borgarstjórn

1983.